



## Leiðarvísir við ritrýni

Hver og einn hefur eigin stíl og aðferð við að ritrýna handrit. Hafa skal eftirfarandi atriði til hliðsjónar auk leiðbeininga Iðjuþjálfans til höfunda um ritun ritrýndra greina.

### Læsileiki og framsetning

1. Er handritið auðlesið og sett fram á skýran og skiljanlegan hátt?
2. Er efnið til þess fallið að vekja áhuga lesenda Iðjuþjálfans?
3. Er innihaldið rökrétt með inngangi, meginmáli og lokaorðum?
4. Er tilgangur handritsins skýr og er honum náð?
5. Eru lykilhugtök skilgreind á skýran máta?
6. Er handritið hæfilega langt?
7. Er handritið að mestu laust við málfars- og stafsetningavillur?

### Fræðilegt innihald

1. Er handritið faglega unnið?
2. Er efni handritsins nýstárlegt eða viðbót við þekkingu sem er þegar fyrir hendi?
3. Er innihaldið við hæfi og mikilvægt með tilliti til þjónustu iðjuþjálfra og þróunar fagsins?
4. Er gerð grein fyrir og vísað í viðeigandi heimildir sem tengjast efni handritsins?
5. Heldur efnið gildi sínu næstu 12 – 15 mánuði?
6. Hefur höfundur fylgt leiðbeiningum Iðjuþjálfans um ritun ritrýndra greina?

### Siðfræðileg atriði og þakkir

1. Er höfundaréttur virtur?
2. Hefur tilskilinna leyfa verið aflað og er vísað til þeirra?
3. Eru settar fram þakkir til hlutaðeigandi aðila eftir því sem við á?